8481.3000 Eftirlitsventlar.

B. Eftirfarandi leiðréttingar eru gerðar:

Nr. 3920.9402 verði 3920.9902
Nr. 6811.2100 verði 6811.2001
Nr. 7213.4919 verði 7213.4909
Nr. 7215.5000 verði 7215.9000
Nr. 8527.3103 verði 8527.3102
Nr. 9402.2000 verði 9402.9000
Nr. 4403.3300 orðist svo:

4403.3300 Keruing, Ramin, Kapur, Teak, Jongkong, Merbau, Jelutong og Kempas.

Texti á undan nr. 4407.2201 orðist svo:

Dökkrauðum Meranti, ljósrauðum Meranti, Meranti Bakau, hvítum Meranti, hvítum Seraya, gulum Meranti, Alan, Keruing, Ramin, Kapur, Teak, Jongkong, Merbau, Jelutong og Kempas:

Á undan nr. 4407.9101 komi:

Úr eyk:

4. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á Viðauka II:

Nr. 1805.009 verði 1805.0009.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 573/1988.

*Fjármálaráðuneytið, 13. mars 1989.*

F.h.r.
**Lárus Ögmundsson.**

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Nr. 118 13. mars 1989

# GJALDSKRÁ

**Rafveitu Reyðarfjarðar.**

## I. GJALDSKRÁRLIÐIR.

*1. Lýsing.*

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

1.1 Fast gjald F3

Orkugjald . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 9,00 kr. á kWh

1.2 Fast gjald F3

Orkugjald . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 6,82 kr. á kWh

*2. Notkun til heimilisþarfa.*

2.1 Fast gjald F3

Orkugjald . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 6,82 kr. á kWh

*3. Vélanotkun.*

| | | |
|---|---|---|
| 3.1 | Fast gjald F3 | |
| | Orkugjald | 6,82 kr. á kWh |
| 3.2 | Aflgjald lágmark 3 kW | 32 552,00 kr. á ári |
| | Aflgjald frá 3–5 kW | 8 837,00 kr. á kWh |
| | Fast gjald F3 | |
| | Orkugjald | 2,21 kr. á kWh |
| 3.3 | Aflgjald umfram 5 kW | 9 807,00 kr. á ári |
| | Fast gjald F3 | |
| | Orkugjald | 2,18 kr. á kWh |
| 3.4 | Til súgþurrkunar: | |
| | Fast gjald F3 | |
| | Orkugjald | 2,95 kr. á kWh |

*4. Húshitun.*

| | | |
|---|---|---|
| 4.1 | Fast gjald | 10 011,00 kr. á ári |
| | Orkugjald | 4,29 kr. á kWh |
| | Roftími allt að 1 klst. á dag. | |

| | | **Taxti I til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.** | **Taxti II til hitunar á íbúðarhúsnæði.** |
|---|---|---|---|
| 4.2 | Fast gjald | 1 300,00 kr/kW/ári | 10 011,00 kr/ári |
| | Orkugjald | 2,61 kr/kWh | 2,61 kr/kWh |
| | Roftími allt að 3 klst. á dag. | niðurgr. | 0,94 kr/kWh |
| | | | 1,67 |
| 4.3 | Orkugjald | 1,74 kr/kWh | 1,29 kr/kWh |
| | Roftími allt að 15 klst. á dag. | | |

*5. Utanhússlýsing.*

| | | |
|---|---|---|
| 5.1 | Fast gjald F1 | |
| | Orkugjald | 6,82 kr. á kWh |

*Skilgreiningar og ýmis ákvæði.*

Föst gjöld.

| | |
|---|---|
| F1 | 117,00 kr. á mán. |
| F3 | 3 337,00 kr. á ári |

*6. Hitun.*

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.

b) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.

c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar

fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðli undir 0,8.

**II. OPNUNARGJÖLD.**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 1 326,00

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar . . . kr. 1 326,00

**III. HEIMTAUGAGJÖLD.**

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 279,00
Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þús. að . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 20 311,00
og 5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3 × 70q, skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur er innifalinn í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 370, 21. júlí 1988.

*Iðnaðarráðuneytið, 13. mars 1989.*

F. h. r.
**Kristmundur Halldórsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Nr. 119 9. mars 1989

# REGLUGERÐ

**um Orðabók Háskólans.**

1. gr.

Orðabók Háskólans er háskólastofnun og heyrir undir rektor og háskólaráð, sbr. 64. gr. háskólareglugerðar.

2. gr.

Orðabók Háskólans er vísindaleg orðfræðistofnun. Hlutverk hennar er að vinna að hvers kyns orðfræðirannsóknum á íslensku máli, þ.m.t. að orðtaka prentað mál frá upphafi prentaldar á Íslandi, svo og texta í handritum frá sama tímabili eftir því sem ástæða þykir til.